

Borgarráð

Starfshópur um nýjar ylstrendur við Gufunes og Skarfaklett

Hjálögð drög að erindisbréfi starfshóps um nýjar ylstrendur við Gufunes og Skarfaklett eru lögð fram til kynningar. Starfshópnum er ætlað að fullkanna og útfæra möguleika á að nýta umframvatn frá virkjunum og/eða borholum OR, annars vegar við Gufunes og hins vegar við Skarfaklett, og kanna hvort hægt sé að nýta umframvatn í ylstrendur.

Greinargerð:

Á fundi borgarráðs þann 19. október sl. var samþykkt tillaga borgarstjóra um að stofnaður verði starfshópur til að fullkanna og útfæra möguleika á að nýta umframvatn frá virkjunum og/eða borholum OR annars vegar við Gufunes og hins vegar við Skarfaklett. Orkuveita Reykjavíkur nýtir vatn frá lághitasvæðum annars vegar og frá virkjunum í Henglinum hins vegar. Ekki má blanda lághitavatni og virkjanavatni saman vegna útfellinga sem þá verða. Lághitasvæðin eru í góðu vinnslujafnvægi og má telja þau fullnýtt. Öðru máli gegnir með virkjanavatnið og þá sérstaklega vatn frá Nesjavöllum en svo háttar til að stöðin þar framleiðir mun meira af heitu vatni á sumrin en þörf er á.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Drög að erindisbréfi starfshóps um nýjar ylstrendur við Gufunes og Skarfaklett.

ERINDISBRÉF

Starfshópur um nýjar ylstrendur við Gufunes og Skarfaklett

Ábyrgðarmaður:

Borgarstjórinn í Reykjavík.

Inngangur:

Orkuveita Reykjavíkur nýtir vatn frá lághitasvæðum annars vegar og frá virkjunum í Henglinum hins vegar. Ekki má blanda lághitavatni og virkjanavatni saman vegna útfellinga sem þá verða. Lághitasvæðin eru í góðu vinnslujafnvægi og má telja þau fullnýtt. Öðru máli gegnir með virkjanavatnið og þá sérstaklega vatn frá Nesjavöllum en svo háttar til að stöðin þar framleiðir mun meira af heitu vatni á sumrin en þörf er á. Umframvatni er fargað á sumrin og það væri ánægjuefni ef skemmtileg nýting fyndist fyrir þetta vatn,.

Hlutverk:

Starfshópnum er ætlað að fullkanna og útfæra möguleika á að nýta umframvatn frá virkjunum og/eða borholum OR, annars vegar við Gufunes og hins vegar við Skarfaklett, og kanna hvort hægt sé að nýta umframvatn í ylstrendur.

Starfshópin skipa:

Fulltrúi, íþrótt- og tómstundasviði (formaður).

Fulltrúi, skrifstofu eigna og atvinnuþróunar.

Fulltrúi, umhverfis- og skipulagssviði.

Fulltrúi, Orkuveitu Reykjavíkur.

Starfsmaður:

Starfsmaður íþrótt- og tómstundasviðs.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfshópurinn leiti ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu.

Starfstímabil:

Starfshópurinn skili ábyrgðarmanni kostnaðarmetnum tillögur fyrir lok febrúar 2018.

Reykjavík, [Dags.]

Dagur B. Eggertsson